**Áfangaheiti ÍÞSN3ÍE03**

**Námsáætlun vorönn 2022**

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari | Jóhann Gunnar Jóhannsson | Sk.st. | JGJ |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:** Áfanganum er ætlað að kynna nemandanum þjálfun barna á aldrinum 10-16 ára. Nemandinn skipuleggur og sér um æfingar/hreyfingu hjá nemendum í grunnskóla og fyrsta ári í framhaldsskóla undir handleiðslu kennara. Nemendur vinna saman í litlum hópum, heimsækja grunnskóla og framhaldsskóla og eru með kennslu þar. Farið er en frekar yfir hlutverk íþróttaþjálfara sem fyrirmynd barna og unglinga og hvernig skuli leiðbeina börnum og unglingum varðandi tækniatriði ýmissa íþróttagreina. Nemandinn nýtir sér upplýsingatækni við skipulag þjálfunar. Einnig er lögð áhersla á að nemandinn tileinki sér jákvæð og uppbyggileg samskipti við æfingahópa sína.

## Markmið:

### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- kennslu og þjálfun barna á aldrinum 10-16 ára
- helstu forsendum áætlanagerðar í íþróttum
- hlutverki íþróttaþjálfara sem fyrirmynd barna og unglinga
- helstu reglum þeirra greina sem kenndar eru

### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leiðbeina börnum og unglingum í tækni atriðum ýmissa íþróttagreina
- kynna nýja leiki og æfingar fyrir æfingahóp barna og unglinga
- hafa jákvæð og örvandi samskipti við æfingahópa sína

### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- kenna börnum og unglingum ýmsa leiki og grunnæfingar í íþróttum
- halda uppi góðum aga og virkni í sínum æfingahópi
- nýta sér upplýsingatækni við skipulagningu þjálfunar sinna æfingahópa í samráði við íþróttakennara/þjálfara

## Námsgögn:

| Tegund | Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum) |
|---|---|
| Ítarefni | Verkefni og kennsla fer að mestu fram í gegnum moodle. |
| Verklegar æfingar | Verkleg kennsla barna og unglinga í Grunnskólum Akureyrar og fyrsta árs nema í VMA. Kennsla fer fram í líkamsræktarsal, íþróttasal eða við sundlaug í grunnskólum Ak. ef aðstæður leyfa vegna covid, annars aðallega í stofu og M-11. |

**Áfangaheiti ÍÞSN3ÍE03**

**Námsáætlun vorönn 2022**



## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Vika | Námsefni (verklegur hluti) | Verkefni |
|---|---|---|
| 2 - 19 | Kynning á áfanganum. námsáætlun.<br>Farið verður í hvað þjálfun er og hvað felst í að vera þjálfari.<br>- Skólanámskrá íþrótta<br>- þroska barna<br>- uppbyggingu þjálfunar, tímaseðla, lengri áætlanir<br>- þjálfarinn, staðsetningar, raddbeitingu, notkun flautu<br>- markmið og markmiðssetningar þjálfara og iðkenda<br>- heimsóknir á æfingar í kennslustundir og fylgst með þjálfurum/kennurum að störfum<br>- kennsla nemanda í skólum?<br>- farið í ýmiskonar íþróttagreinar og verkefni lögð fyrir<br>Námsmatsdagur 10 feb. (fimmtudag)<br>Vetrarfrí 3 og 4 mars (fimmtudag/föstudag)<br>*Námsmatsdagur 9. mars (miðvikudag)*<br>Vika 15. páskafrí<br>*Sumardagurinn fyrsti 21. apríl (fimmtudag)*<br>Lokaverkefnisdagur 6. maí (föstudagur)<br>Námsmatsdagur 11 maí (miðvikudagur) | Ýmis verkefni lögð fyrir á önn.<br>Kennsla í grunnskólum Akureyrar (ef hægt er) |

**ATH! Vegna covid 19 áskilja kennarar sér rétt til að breyta og aðlaga námsáætlun að ástandi samfélagsins hverju sinni. Gætu námsmatsþættir því breyst yfir önnina!**

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

| **Matsform:** | ■ **Símat** ☐ **Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni** | |
|---|---|---|
| **Námsmatsþættir** | Lýsing námsmatsþáttar | **Vægi** |
| Áhugasemi/virkni | Áhugi og virkni nemanda við kennslu og undirbúning tíma sem og virkni í skólastofu og við skil verkefna. | 25% |
| Moodle<br>Ýmis verkefni | Verkefni lögð fyrir á önn ( 4 - 8 verkefni) og ræðst fjöldi þeirra af covid og hvenær og hvort við getum farið að kenna í skólum bæjarins. | 30% |
| Hljóðbókarverk | Nemendur taka fyrir eitthvað eitt málefni t.d." Þjálfarann" ræða hlutverk hans og mögulega áherslur (sem dæmi) | 25% |
| Þjálfaramenntun á íslandi! | Nemendur skoða heimasíður aðildarfélaga ísí þar sem þeir skoða til hvers er ætlast af aðilum sem vilja verða þjálfarar. Eru sömu eða svipuð markmið milli aðildarfélaga? (2 saman kynna) | 10% |
| Kennsla í M-11 | Nemendur kenna hluta til einn tíma í M-11 (skila fullbúnum tímaseðli fyrir tímann) | 10% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | **Samtals:** | **100%** |

**<u>Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.</u>**

**Annað:** Nemendur þurfa að láta vita með góðum fyrirvara ef þeir eru veikir.

**ATH!** Nemendur þurfa að standa skil á öllum þáttum áfangans til að fá lokaeinkunn

**ATH! námsáætlun getur tekið breytingum ef opnast fyrir þann möguleika að fara að kenna í skólum bæjarins.**

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**